

Fræðslu- og forvarnaráætlun

Sjálandsskóla og Klakans

Félagsmiðstöðin Klakinn ásamt Sjálandsskóla stenda fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri. Forvarnarstarf Klakans og Sjálandsskóla fer fram með ýmsum hætti bæði á skólatíma og utan hans.

Hér kemur áætlun skólaársins 2018-2019.

Forvarnarvika: Þátttaka nemenda felst meðal annars í því að vinna verkefni sem snýr að heilsuefandi samveru fjölskyldunnar. Nemendur fá hugmyndir af skemmtilegum gæðastundum með fjölskyldu og vinum, bæði innandyra og utan.

Fjölmargir viðburðir vorum á vegum bæjarins fyrir bæði börn og fullorðna s.s. fræðslufundur fyrir foreldra, erindi um forvarnargildi íþróttastarfs, leikir og Spilavinir á Bókasafninu, sápukúluvinnustofur á Hönnunarsafninu, ratleikur um bæinn auk skipulagðar útivistar í Heiðmörk og kynningu á nýju hreystigörðunum sem finna má víðsvegar um bæinn.

Unglingastig

Krabbameinsfélagið: Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins verður með fræðslu fyrir 10. bekk um rafsígarettur.

- 10. bekkur

Blátt áfram: Starfsmenn Blátt áfram mæta einu sinni yfir veturinn og ræða við unglinga í 8. og 9. bekk um sjálfsvirðingu og hvað gera skal ef einstaklingur hefur lent í kynferðislegu ofbeldi. Boðið er upp á foreldrafræðslu í kjölfarið fyrir foreldra nemenda í 8. og 9. bekk. Einnig koma starfsmenn og sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir.

- 2. bekkur – 22. október 2018.
- 8. og 9. bekkur – 16. nóvember 2018.
- Foreldrafræðsla f. 8. og 9. bekkur – 19. nóvember 2018.

Guðrún Birna geðlæknir – „Pillupopparinn“ - Fíkniefnafræðsla fyrir unglingadeildina – möguleg skaðsemi vímugjafa.

- 9.-10. bekkur – 14. nóvember 2018

Jón R. Jónsson – rafrettu fræðsla

- 8. bekkur – eftir áramót

Forvarnir gegn fíkniefnum – Fíkniefnafræðsla fyrir unglingadeildina. Móðir fíkils sem lést af ofneyslu eiturlyfja flytur erindi.

- Unglingadeild – eftir áramót

SAFT.IS - bara 1 like í viðbót - Óli Örn Atlason: Farið yfir helstu samfélagsmiðla - Facebook, Snapchat, Instagram, nafnlausu spjöllin, hvað unglingarnir setja inn í gegnum þessa miðla og í hvaða tilgangi. Farið er ítarlega ofan í kjölin á því hvernig er að vera unglingur í dag og hversu stór hluti af sjálfsmynd unglingsins verður til á samfélagsmiðlum. Farið er í hvað hægt sé að gera og hvernig er hægt að ræða þessa hluti í skólanum og heima án þess að það springi allt í loft upp. Óli Örn hefur unnið náið með unglingum undanfarin 8 ár í félagsmiðstöð og þekkir vel hvernig unglingarnir nota netið og snjalltækin.

- Unglingadeild – 5. nóvember
- Foreldrar – 5. nóvember, kvöld

Útmeða. – Með slagorðinu Útmeða eru ungir karlmenn hvattir til að setja tilfinningar sínar í orð til að stuðla að því að hafna ekki í tilfinningalegu öngstræti með ófyrirséðum afleiðingum. Hanna Ólafsdóttir og Anna Ólafsdóttir frá Rauða krossinum sjá um fræðsluna.

- 9. og 10. bekkur

Ástráður: Læknanemar koma einu sinni yfir veturinn og ræða við nemendur í unglingadeild um kynheilbrigði, kynsjúkdóma o.fl. Markmiðið er að fækka kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum.

- 9. og 10. bekkur

Sigga Dögg – Markmiðið með heimsókn Siggú Dögg er að fá góða nútíma kynfræðslu fyrir nemendur. Hún nálgast viðfangsefnið með öðruvísi hætti en flestir og nemendur fá tækifæri til að spyrja spurninga. Fræðslan er kynjaskipt og fer fram í Klakanum.

- Strákar – 24. janúar 2019
- Stelpur – 29. janúar 2019

Verum ástfangin af lífinu: Þorgrímur Þráinsson kemur og ræðir við nemendur í 10. bekk um jákvæða ímynd og framtíðarplön.

- 10. bekkur – 18. október 2018.

Fræðsla frá VR: Markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fjallað er um grunnhugtök í kjaramálum eins og kjarasamninga, starfsmann, vinnutíma, launaseðla, veikindarétt og hvíldartíma svo eitthvað sé nefnt. Fræðslan hefur forvarnargildi þar sem mikið er um að brotið sé á ungu fólki og hefur hún gefið mjög góða raun

- 10. bekkur – 14. nóvember 2018.

Stafrænt kynferðisofbeldi - Nemendur sáu stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum.

- 8. bekkur í lífsleikni – 25. október og 1. nóvember.

Eineltismál - Nemendur sáu heimildarþáttinn *Ný sýn* þar sem söngkonan, Salka Sól sagði frá áralöngu og erfiðu einelti sem hún varð fyrir á æskuárum sínum í Kópavogi. Þátturinn var sýndur sem hluti af forvarnarfræðslu gegn einelti og áhrifum þess á líf fólks.

- 8. bekkur

Örugg saman - farið yfir námsefnið Örugg saman í lífsleikni með nemendum í 9. bekk. Námsefnið fjallar um heilbrigð samskipti og er hugsað sem forvarnarefni gegn andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi í samböndum unglunga.

- 9. Bekkur – haust 2018.

Fáðu já - Fáðu já! er 20 mínútna stuttmynd sem ætlar sér að skýra mörkin á milli kynlífs og ofbeldis, vega upp á móti áhrifum klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánum samskiptum.

- 9-10. bekkur

Hugrún - veitir fræðslu fyrir ungmenni og fjallar um geðheilbrigði, geðsjúkdóma og úrræði.

- Unglingadeild – eftir áramót

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Kynheilbrigði

- 9. og 10. bekkur – vor

Hugrekki

- 8. bekkur – vor

Líkamsímynd

- 8. bekkur – vor

Ábyrgð á eigin heilsu

- 10. bekkur - vor

Miðstig:

Jákvæð samskipti – Pálmar Ragnarsson flytur erindi um jákvæð samskipti, bæði í skólanum og lífinu almennt. Tekin eru fyrir atriði eins og hrós og hvatning, móttökur, áhrifin sem við höfum á hvort annað, viðbrögð við mistökum, móttökur nýrra nemenda, hlustun, að hjálpa þeim sem verða undir í samskiptum og fleira.

- Miðdeild – eftir áramót.

Stattu með þér!: Sýna stuttmyndina Statu með þér! - Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi hefur látið gera forvarnar- og fræðsluefnið Statu með þér!, sem er 20 mínútna löng stuttmynd ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Myndinni er ætlað að spyrna gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu með sjálfsvirðingu og jákvæðni að leiðarljósi.

- 7. bekkur

SAFT – Netið og samfélagsmiðlar: Netið og samfélagsmiðlar. Fræðsluerindi þar sem farið er yfir einkenni tælingarmála og hvað beri að varast í samskiptum við ókunnuga, hvað sé hægt að gera ef grunur vaknar um tilraun til tælingar og hvert sé hægt að leita. Eins fá nemendur fræðslu um meðferð persónuupplýsinga, alvarleika rafræns eineltis og óvarlegra samskipta og myndbirtinga á netinu, farið verður yfir slæm áhrif ofnotkunar á tölvum og neti auk þess sem hvatt er til jákvæðrar og ábyrgðar netnotkunar.

- Miðdeild

Vertu hetjan í þínu lífi: Fyrirlestur frá Þorgrími Þráinssyni sem fjallar um gildi þess að hjálpa öðrum og áhrif þess á okkur sjálf sem einstaklinga.

- Miðdeild

Sigga Dögg - Markmiðið með heimsókn Siggú Dögg er að fá góða nútíma kynfræðslu fyrir nemendur. Hún nálgast viðfangsefnið með öðruvísi hætti en flestir og nemendur fá tækifæri til að spyrja spurninga. Fræðslan er kynjaskipt.

- 7. bekkur

Forvarnarfræðsla Magga Stef. – Magnús Stefánsson með fræðsluerindi fyrir nemendur í 5. bekk „Eiga allir að vera eins“ og hitti foreldra í kjölfarið.

- 5. bekkur og foreldrar – haust 2018.

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Hamingja/samskipti

- 5. bekkur – haust

Kynþroskinn

- 6. bekkur – haust

Endurlífgun

- 6. bekkur - haust

Yngsta stig

„Leyndarmálið – segðu nei – segðu frá“: Sýna teiknimyndina „Leyndarmálið – segðu nei – segðu frá“. Myndin fjallar um muninn á slæmu og góðu leyndarmáli. Fræðsla um mörk, einkastaði og leyndarmál.

- 3. bekkur – vor 2019.

Blátt áfram: Starfsmenn á vegum Velferðarráðuneytisins og Barnaverndar sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir.

- 2. bekkur – 22. október 2018.

Fræðsla og forvarnir á vegum hjúkrunarfræðings skólans

Kvíðafræðsla

- 4. bekkur – haust

Líkaminn minn

- 1. bekkur – vor

Slysavarnir

- 4. bekkur – vor

Tilfinningar

- 2. bekkur - vor